

Fyrir gerðarpola mætir Gunnar Magnússon, sem starfar hér Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt/greiða.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í húseigninni nr. 2 við Seljaveg.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarpola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 25. nóvember 1974.

Nr. 86/1973: **Vinnuheimilið að Reykjarlundi**

(Ólafur Ragnarsson hrl.)

gegn

Rósu Ármannsdóttur

(Logi Guðbrandsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. maí 1973. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Atvik slyss þessa eru um margt óljós. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms má á það fallast, að áfrýjandi verði að bera halla af skorti á ýmsum upplýsingum vegna slyss þessa, sem ætla má, að unnt hefði verið að afla þegar eftir slysið.

Við það verður að miða, að stefndu hafi verið kennd þau vinnubrögð að stöðva hnífinn með því að fella niður öryggis-

hlífina. Í bréfi Öryggiseftirlits ríkisins 1. júní 1973 kemur hins vegar fram, að öruggara sé að stöðva hnífinn með því að rjúfa rafstraum til hans með rofa. Leitt er í ljós í málinu, að þótt öryggishlífin sé felld niður, stöðvast hnífurinn ekki þegar í stað. Leiðbeiningum og verkstjórn af hendi forráðamanna áfrýjanda virðist hafa verið áfátt, sérstaklega með hliðsjón af æsku stefndu. Hins vegar má á það fallast, að handbrögð stefndu við verkið hafi verið óvarleg. Með vísan til alls þessa verður að leggja fébótaábyrgð á slysi þessu á áfrýjanda að 3/4 hlutum.

Kröfur sínar í héraði sundurliðaði stefnda þannig:

1. Bætur fyrir örorku kr. 107.144.00
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti — 80.000.00

Kr. 187.144.00

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr örorkutjónsreikningur Bjarna Þórðarsonar tryggingastærðfræðings, dagsettur 18. nóvember 1974. Telur hann, að með hliðsjón af kauplagsbreytingum, sem orðið hafa frá fyrri reikningum hans, nemi tjón áfrýjanda vegna varanlegrar örorku kr. 121.790.00 miðað við samsetta 7% ársvexti, en kr. 138.516.00 miðað við 7% einfalda ársvexti til 7. apríl 1973, en samsetta vexti eftir þann dag. Ef reiknað sé með 9% ársvöxtum í fyrria tilvikinu, eigi sú tala að lækka um kr. 16.983.00. Þá er komið fram í málinu, að stefnda fékk greidda sjúkradagpeninga, kr. 341.50, vegna slyss þessa.

Í héraðsdómi er lýst meiðslum stefndu og örorku hennar. Eins og örorku er háttað, þykir rétt að meta bætur til hennar vegna slyss þessa í einu lagi kr. 100.000.00 með vöxtum, svo sem krafist er, en vaxtafjárhæð og upphafstími vaxta hefur ekki sætt andmælum.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 60.000.00.

Það athugast, að rétt hefði verið að dæma mál þetta með sérfróðum samdómendum.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Vinnuheimilið að Reykjalundi, greiði stefndu, Rósu Ármannsdóttur, kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. apríl 1962 til greiðsludags og kr. 60.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. mars 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. febrúar s.l. að loknum munnlegum málflutningi, hefur Rósa Ármannsdóttir, Hávallagötu 18, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 6. apríl 1972, gegn Árna Einarssyni, Reykjalundi, Mosfellshreppi, fyrir hönd Vinnuheimilisins að Reykjalundi, Mosfellshreppi, til greiðslu á kr. 194.509.00 með 7% ársvöxtum frá 7. apríl 1962 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur ríflegur málskostnaður vegna tilefnislausrar málshöfðunar.

Sáttatilraun hefur verið gerð í málinu, en án árangurs.

Málavextir virðast vera þeir, að á árinu 1962 hafi stefnandi, sem sögð er fædd 14. apríl 1945, unnið í eldhúsinu á Vinnuheimilinu að Reykjalundi. Hinn 7. apríl hafi stefnandi verið að vinna við að skera niður brauð í vélknúnum brauðhníf. Þá hafi það slys orðið, að stefnandi fór með hönd í brauðhnífinn með þeim afleiðingum, að af tók fremsta köggul löngutangar vinstri handar.

Af hálfu stefnda var tilkynnt um slysið til Tryggingastofnunar ríkisins 5. maí 1962, en engin rannsókn hafði þá farið fram út af slysinu, og ekki var Öryggiseftirliti ríkisins tilkynnt um slysið.

Samkvæmt beiðni frá lögmanni stefnanda, dagsettri 20. desember 1968, til sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu var mál þetta tekið til rannsóknar í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu samkvæmt 12. tölulið 2. gr. laga nr. 82 frá 1961. Þá voru og á bæjarþinginu, meðan á rekstri máls þessa stóð, teknar skýrslur af stefnanda og þeim, sem hún vann með, þá er slysið varð. Verða nú rakin aðalatriði í skýrslum þessum.

Hér fyrir dómi staðfesti stefnandi sem réttan framfarð sinn í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu hinn 30. maí 1969 að öðru leyti en því, að stefnandi sagðist ekki vera viss um, hvort Sirrý

Jóhannsdóttir geti talist sjónarvottur að slysinu, en hún hafi verið í eldhúsinu, þá er slysið varð. Geirþrúður Guðjónsdóttir muni aftur á móti hafa séð, þá er slysið varð. Í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu skýrði stefnandi svo frá málavöxtum:

„Veturinn 1962 var ég starfsstúlka á Vinnuheimilinu að Reykjalundi. Starfaði ég í eldhúsi ásamt 3 öðrum starfsstúlkum. Einnig voru þar ráðskona, Snjáfríður Jónsdóttir, og aðstoðarráðskona, sem Geirþrúður heitir. Hinn 7. apríl, er ég var að skera brauð í brauðskurðarhníf, vildi það slys til, að ég fór með fingurinn undir blað hnífsins, og missti ég við það framan af köggli löngutangar á vinstri hendi. Umræddur hnífur var nokkurs konar kassi með loki. Var brauðinu stungið í kassann og kassanum síðan lokað. Þá var kveikt á hnífnum með rofa, sem var neðan í kassanum. Þá færðist brauðið til inni í kassanum, og hnífsblaðið gekk um leið upp og niður. Í umrætt sinn setti ég brauðið í kassann, lokaði honum og studdi því næst á rofann, og skarst þá brauðið með fyrrgreindum hætti, og slökkti ég síðan á hnífnum. Lyfti ég að því búnu lokinu og fór með höndina inn í kassann til þess að taka út brauðið. En þá féll hnífurinn niður og lenti á hendi minni með fyrrgreindum afleiðingum.“

Stefnandi kvaðst oft hafa skorið brauð í hníf þessum, áður en slysið varð, og taldi það fullvíst, að Snjáfríður hefði þegar í upphafi veru sinnar á Reykjalundi kennt sér á vélhnífinn. Aldrei sagðist stefnandi hafa orðið vör við það í þau mörgu skipti, er hún hafi notað hnífinn, að blaðið hafi fallið niður, eftir að slökkt hafi verið á hnífnum. Sjónarvottar að slysinu hafi verið Geirþrúður Guðjónsdóttir og Sirrý Jóhannsdóttir.

Þá er slysið varð, hafi enginn læknir verið staddur að Reykjalundi og hafi þá hjúkrunarkona farið með stefnanda á slysavarðstofuna í Reykjavík. Stefnandi taldi, að um hálf tíma eftir slysið hafi hún verið á slysavarðstofunni. Er þangað hafi komið, hafi læknirinn þar sagt, að ef köggullinn hefði verið tekinn með, þá hefði tekist að græða hann við fingurinn að nýju.

Hér fyrir dómi voru stefnanda sýndar ljósmyndir á dskj. nr. 6, og sagðist hún halda, að þetta sé sami hnífur og slysið varð við og sé hann þarna á sama stað og þá er slysið varð. Ekki sagðist stefnandi sjá, að hnífurinn sé neitt öðru vísi en hann var, en tók fram, að langt sé um liðið og hún muni þetta ekki svo vel.

Stefnandi sagðist hafa byrjað að vinna á Reykjalundi haustið 1961. Ekki mundi hún nákvæmlega, hvort hún hafi hætt vinnu hjá stefnda strax eftir slysið eða rétt á eftir, en hún og aðrar

starfsstúlkur hjá stefnda hafi haft herbergi og hafi stefnandi búið barna og farið upp að Reykjalundi, þegar hún kom af slysavarðstofunni, og þar hafi hún verið einhvern tíma og muni hún oft hafa komið í eldhúsið, eftir að slysið skeði.

Stefnandi sagðist ekki vita til þess, að hnífsblaðið ætti til að falla niður, eftir að slökkt hafði verið á hnífnum. Hún sagðist ekki muna þetta svo, en hægt hafi verið að opna hnífinn, þótt hann væri í gangi.

Fyrir dómi var stefnandi spurð um það, hvers vegna hún hafi svo seint gert reka að því að krefjast bóta vegna slyss þessa, og svaraði stefnandi því til, að Snjáfriður ráðskona hafi bannað sér að gera nokkuð í málinu, hafi hún sagt, að þetta væri bara stefnanda að kenna. Stefnandi tók fram, að hún hafi verið krakki og fólkið sitt ekki í bænum, en fjölskylda hennar hafi búið á Vopnafirði.

Stefnandi sýndi hönd sína í réttinum.

Vitnið Sirrý Hulda Jóhannsdóttir sagðist hafa unnið í eldhúsinu að Reykjalundi frá því um haustið 1961 og eitthvað fram á vor eða sumar 1962. Vitnið hafi verið við vinnu í eldhúsinu, þá er stefnandi varð fyrir slysinu, en vitnið hafi ekki séð, hvernig slysið vildi til, og hélt vitnið, að eini sjónarvotturinn hafi verið Geirprúður.

Vitninu voru sýndar ljósmyndir á dskj. nr. 6, og sagði vitnið, að þetta muni vera sami hnífurinn, en sig minnti, að meira hafi sést á hnífsblaðið, þá er vitnið vann barna, en þetta sé nokkuð, sem vitnið þorir ekki að fullyrða. Vitnið sagði, að þegar slökkt var á hnífnum og hnífsblaðið var uppi, þegar slökkt var, þá hafi það getað skeð, að blaðið dytti niður, eftir að slökkt var. Þetta sagðist vitnið halda, að hafi nokkrum sinnum komið fyrir. Ekki gat vitnið tilgreint hvenær, en sagðist muna ákveðið eftir einu skipti, þá hafi stefnandi verið að taka brauð úr hnífnum og þá hafi hnífsblaðið dottið niður, en stefnandi hafi kippt að sér hendinni. Þær stúlkurnar, sem unnu barna, hafi talið hnífinn hættulegan einmitt út af þessu, að ef slökkt var á hnífnum og blaðið var uppi, þá vildi það detta niður. Hægt hafi verið að opna hnífinn, þó hann væri í gangi.

Vitnið sagðist muna, að hún hafi einhvern tíma rétt eftir slysið í kaffistofunni barna á vinnustaðnum haft orð á því, að stefnandi ætti að fara í Tryggingarnar og reyna að fá eitthvað vegna slyssins, en þá hafi Snjáfriður ráðskona orðið mjög reið og sagt, að það ætti stefnandi ekki að gera, hún mundi ekkert fá út úr þessu,

þetta væri bara henni sjálfri að kenna. Vitnið hélt, að stefnandi hafi verið viðstödd þessar samræður.

Vitnið Geirbrúður Guðjónsdóttir sagðist hafa unnið í eldhúsinu að Reykjalundi í fjögur ár og hafi vitnið unnið þar á árinu 1962. Vitnið sagðist hafa verið við vinnu í eldhúsinu, þá er stefnandi varð fyrir slysinu. Vitnið sagðist hafa verið í eldhúsinu, en ekki hjá stefnanda, þannig að vitnið hafi ekki séð, þegar slysið skeði, en stefnandi hafi strax kallað í vitnið, þá er hún hafi meitt sig. Ekki sagðist vitnið geta sagt, hvernig slysið bar til. Vitnið segist hafa farið með stefnanda niður á læknaðstofuna eftir slysið, en ekki vissi vitnið, hver fór með stefnanda á slysavardstofuna. Vitnið sagðist hafa farið með fingurbútinn yfir á læknaðstofuna, þá er hún fór með stefnanda þangað.

Vitnið sagði, að það hafi getað skeð, að þegar slökkt var á hnífnum og hnífsblaðið var upp, þegar slökkt var, að blaðið dytti niður, eftir að slökkt var. En þetta hafi aldrei valdið slysi áður, og sagðist vitnið sjálft hafa passað upp á það að slökkva á hnífnum, þá er hnífsblaðið var niðri. Ekki mundi vinið eftir því, að það hafi skeð, að hnífsblaðið félli niður, eftir að slökkt var. Vitnið sagði, að brýnt hafi verið fyrir stúlkunum að gæta fyllstu varúðar, og taldi vitnið, að ef gæta skyldi varúðar, þá hlyti það að vera í sambandi við hnífsblaðið, þar sem það hafi verið það eina, sem gat verið hættulegt í sambandi við hnífinn. Ráðskonan hafi kennt vitninu á hnífinn og muni ráðskonan einnig hafa kennt hinum sarfsstúlkunum, en vitnið sagðist oft hafa unnið með hinum starfsstúlkunum og þá sagt þeim til, en taldi, að ráðskonan hafi kennt þeim á hnífinn.

Vitnið sagðist ekki vita til þess, að ráðskonan hafi bannað stefnanda að gera eitthvað í málinu til þess að reyna að fá bætur vegna slyssins. Vitnið sagðist ekki muna eftir því að hafa heyrt stefnanda tala við Snjáfríði ráðskonu um bætur vegna slyss þessa.

Vitnið Snjáfríður Jónsdóttir, fyrrverandi ráðskona á Reykjalundi, sagðist hafa unnið sem ráðskona í eldhúsinu á Reykjalundi í 20 ár frá árinu 1945. Vitnið sagðist muna eftir því, að slys það, sem mál þetta er af risið, skeði. Vitnið hafi verið í fríi, þegar þetta átti sér stað, þannig að vitnið hafi ekki séð slysið, en einhverra hluta vegna hafi vitnið átt leið í eldhúsið og þá hafi vitninu verið sagt frá slysinu.

Vitninu voru sýndar ljósmyndir á dskj. nr. 6, og sagði vitnið, að myndir þessar séu að minnsta kosti af sams konar hníf og notaður hafi verið á Reykjalundi. Ekki sagðist vitnið vita, hvort hníf-

urinn sé ennþá notaður. Vitnið var spurt um það, hvort mögulegt hafi verið, ef hnífsblaðið væri uppi, þá er slökkt var á hnífnum, að blaðið dytti niður, og neitaði vitnið því. Vitnið sagðist sjálfst hafa kennt stefnanda að nota hnífinn og hafi vitnið í því sambandi sérstaklega bent stefnanda á að koma ekki nálægt hnífnum til þess að taka út brauð eða setja í, fyrr en hlífin yfir hnífnum hefði verið tekin alveg niður, en sagði, að þá er hlífin var tekin niður, þá hafi slokknað á hnífnum og hann ekki farið í gang, fyrr en hlífin hafi verið sett upp aftur. Ekki hafi verið venjan að slökkva á hnífnum, áður en hlífin var tekin niður. Ekki hafi slokknað á hnífnum, fyrr en hlífin var alveg komin niður, þannig að möguleiki hafi verið að taka brauð úr hnífnum, án þess að slokknað hafi á hnífnum.

Eftir slysið hafi stefnandi dvalist á Reykjalundi nokkurn tíma, en ekki hafi stefnandi unnið þann tíma. Ekki mundi vitnið eftir því, að stefnandi hafi nokkru sinni haft orð á bótum vegna slyssins við vitnið. Vitnið sagðist aldrei hafa bannað stefnanda að gera neitt í málinu.

Vitnið sagðist ekki hafa talið ástæðu til að kalla til Öryggis-eftirlitið vegna slyssins. Ekkert hafi verið gert við hnífinn eftir slysið, og sagði vitnið, að hnífurinn hafi verið öruggur. Vitnið taldi slysið hafa orðið fyrir vangá stefnanda.

Vitnið sagði, að þegar skorið brauð væri tekið úr hnífnum, þá hafi venjulega hægri hönd verið nær hnífsblaðinu. Vitnið sýndi þau handtök, sem stefnandi hafi sagst hafa viðhaft, en þá er vinstri höndin nær hnífsblaðinu, hægri höndin fjær og hendur krosslagðar. Þessi handbrögð telur vitnið röng og þau séu önnur en vitnið hafi sagt stefnanda að viðhafa.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að bótaskylda stefnda byggist á vanbúnaði brauðhnífsins og hættulegum eigindum hans og svo því, að skort hafi á leiðbeiningar gagnvart stefnanda. Í því sambandi er vakin athygli á aldri stefnanda, en hún hafi verið aðeins 16 ára gömul, þá er slysið varð.

Hættulegar eigindir hnífsins komi fram í því, að hægt sé að taka öryggishlífina frá án þess að slökkva á rofa hnífsins, en hnífurinn stöðvist ekki strax og hann er opnaður. Umbúnaður þyrfti að vera slíkur, að ekki væri hægt að opna hnífinn, fyrr en hann væri stöðvaður.

Ólíklegt sé, að ráðskonan hafi aðvarað stefnanda varðandi hættuleg eigindi hnífsins, þar sem ráðskonan virðist telja útilokað, að slys geti orðið við hnífinn. Við vettvangsgöngu hafi

ráðskonan sýnt það, sem hún telji rétt vinnubrögð við hnífinn, og hafi ekki annað verið séð en að þau vinnubrögð væru hættuleg.

Aðalástæður fyrir slysinu hafi verið vanbúnaður hnífsins og hættuleg eigindi hnífsins. Það, að slysið varð, sanni, að hnífurinn sé hættulegur og vanbúinn, að því er öryggi varðar. Leggja verði áhættu á því að nota slík vinnutæki sem hnífinn á vinnuveitanda.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 23 frá 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum skuli vinnuveitandi tilkynna Öryggiseftirlitinu svo fljótt sem verða má og eigi síðar en að einum sólarhring liðnum, ef starfsmaður slasast á vinnustað. Þetta hafi stefndi vanrækt. Bótaskylda stefnda byggist bæði á almennum bótareglum og svo vanrækslu á að tilkynna réttum yfirvöldum um slysið,

Af hálfu stefnda eru sýknukröfur rökstuddar með því, að hnífurinn, sem stefnandi slasaðist við, hafi verið í fullkomnu lagi og öryggisbúnaði hnífsins hafi ekki verið ábótavant. Af hálfu stefnda er, að því er varðar búnað hnífsins, vísað til vottorðs á dskj. nr. 18. Stefnandi hafi ekki farið eftir leiðbeiningum og hafi viðhaft röng vinnubrögð. Slysið muni hafa orðið fyrir fljótfærni stefnanda, en hnífurinn hafi verið í fullkomnu lagi.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að vanræksla á því að fara eftir ákvæðum 26. gr. laga nr. 23 frá 1952 felli ekki fébótaábyrgð á vinnuveitendur, en snúi stundum við sönnunarbyrðinni. En í þessu tilfelli hafi stefnandi dregið svo lengi að gera kröfur á hendur stefnda, að sönnunarbyrði hvíli algerlega á stefnanda.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnandi hafi ekki hafist handa fyrr en 6½ ári eftir slysið, en málið sé höfðað 2 dögum áður en 10 ár séu liðin frá slysdegi. Þessi dráttur verði að leggja ríkari sönnunarbyrði á stefnanda.

Stefnanda hafi verið í lófa lagið að láta fara fram lögreglurannsókn á slysinu, aðdraganda þess og ástandi brauðhnífsins. Það hafi verið sjálfsagt og nauðsynlegt, ef hún hafi talið sig eiga bótakröfu á stefnda. En það hafi stefnandi ekki gert, að öllum líkindum vegna þess, að hún hafi talið sig eiga alla sök á tjóninu og grundvöllur bótakröfu væri ekki fyrir hendi. Skipti aldur hennar engu hér um. Sjö árum síðar, 30. maí 1969, hafi farið fram sakadómsrannsókn í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu að beiðni stefnanda. Hafi þá engin lögregluskýrsla legið fyrir um rannsókn á málinu, eins og lög geri ráð fyrir.

Hér að framan hafa verið rakin meginatriði úr framburðum

þeirra, sem komið hafa fyrir dóm vegna máls þessa. Má af því sjá, að nokkurs ósamræmis gætir, enda langt um liðið.

Stefnandi hefur lýst vinnubrögðum sínum á þá leið, að hún hafi látið brauðið í kassann, lokað honum og stutt því næst á rofann, og skarst þá brauðið, og slökkt síðan á hnífnum. Að því búnu hafi hún lyft lokinu og farið með höndina inn í kassann til þess að taka út brauðið. En þá féll hnífurinn niður og lenti á hendi stefnanda.

Vitnið Snjáfríður Jónsdóttir sagðist hafa kennt stefnanda að nota hnífinn og hafi vitnið í því sambandi sérstaklega bent stefnanda á að koma ekki nálægt hnífnum til þess að taka út brauð eða setja í, fyrr en hlífin yfir hnífnum hefði verið tekin alveg niður, en þá er hlífin var tekin niður, þá hafi slokknad á hnífnum og hann ekki farið í gang, fyrr en hlífin hafi verið sett upp aftur. Ekki hafi verið venja að slökkva á hnífnum, fyrr en hlífin var alveg komin niður, þannig að möguleiki hafi verið að taka brauð úr hnífnum, án þess að slokknad hafi á hnífnum.

Hinn 19. desember fóru dómari málsins og lögmenn aðilja á vettvang og skoðuðu umræddan brauðhníf að viðstöddum Snjáfríði Jónsdóttur, fyrrverandi ráðskonu í eldhúsi stefnda, og Geir Þorsteinssyni, bryta í eldhúsi stefnda. Snjáfríður sagði hnífinn vera með sömu ummerkjum og þá er slysið varð. Snjáfríður og Geir sýndu viðstöddum þau vinnubrögð, sem þau sögðust hafa viðhaft við hnífinn og teldu rétt og eðlileg.

Þau Snjáfríður og Geir voru sammála um það, að venjuleg vinnuaðferð þarna væri að stöðva hnífinn með því að taka öryggisgrindina niður, en ekki slökkva á rofanum.

Á dskj. nr. 6 má sjá, hvernig brauðhnífurinn lítur út. Hnífurinn vinnur þannig, að hlífðargrind er tekin niður og brauðið látið í, síðan er hlífðargrindinni lyft upp, og þá er hægt að setja vélina í gang, og færist þá brauðið fram. Hnífur, sem festur er á ás, sem snýst, sker sneiðar af brauðinu. Hægt er að stöðva hnífinn með tvennum hætti, slökkva á rofanum eða taka öryggisgrindina niður. Þegar hnífurinn er stöðvaður með þeim hætti að taka öryggisgrindina niður, tekur það hnífinn nokkrar sekúndur að stöðvast, frá því að grindin er tekin frá, og nær hnífurinn að fara einhverja snúninga, áður en hann stöðvast alveg.

Sá, sem vinnur við hnífinn, á ekkert val um það, í hvaða stöðu hnífsblaðið er, þá er hnífurinn er stöðvaður, hvor aðferðin sem viðhöfð er til þess að stöðva hnífinn.

Þegar litið er til framburðar Snjáfríðar Jónsdóttur og svo þess,

sem fram kom við vettvangsgöngu, þá þykir víst, að þau vinnubrögð, sem þarna hafi verið viðhöfð og stefnanda hafa verið kennd, hafi verið að stöðva hnífinn með því að taka öryggisgrindina niður, en ekki slökkva á rofanum.

Það er álit dómara málsins, að öruggeri vinnubrögð við hníf þennan væru að slökkva fyrst á rofa hnífsins og taka síðan öryggishlífina niður. Skoðun þessi byggist á því, sem fram kom við vettvangsgöngu, á dskj. nr. 18 og svo framburði Snjáfríðar Jónsdóttur, en þar segir m. á., „ . . . að ekki hafi slokknað á hnífnum, fyrr en hlífin var alveg komin niður, þannig að möguleiki hafi verið að taka brauð úr hnífnum, án þess að slokknað hafi á hnífnum.“

Það kom fram í framburði vitnisins Snjáfríðar Jónsdóttur, að stefnandi hafi sagt vitninu, hvaða handtök stefnandi hafi viðhaft, þá er slysið varð, en þá hafi vinstri höndin verið nær hnífsblaðinu, hægri höndin fjær og hendur krosslagðar. Vitnið Snjáfríður sagði, að þegar skorið brauð væri tekið úr hnífnum, þá hafi venjulega hægri höndin verið nær hnífsblaðinu. Vitnið taldi þau vinnubrögð, sem stefnandi hefði viðhaft, röng og önnur en vitnið hafi sagt stefnanda að viðhafa.

Þegar litið er til meiðsla stefnanda, þá virðist ljóst, að vinstri hönd hennar hafi verið nær hnífsblaðinu. Eðlilegri vinnubrögð virðast vera eins og vitnið Snjáfríður hefur lýst sem sínum. En þetta þykir ekki skipta meginmáli, þar sem ástæðan fyrir slysinu virðist vera, að hnífurinn hafi ekki stöðvast, þá er stefnandi fór með höndina að hnífsblaðinu til þess að taka brauðið, en það stafaði af hættulegri aðferð við að stöðva hnífinn, en sú aðferð var í samræmi við leiðbeiningar þær, sem stefnandi mun hafa fengið. Æska stefnanda lagði vinnuveitanda hennar sérstaklega ríka leiðbeiningarskyldu á herðar, sbr. 5. gr. laga nr. 23 frá 1952.

Það þykir ekki eiga að varða stefnanda réttarspjöllum, að hún hófst ekki handa um athugun á hugsanlegum skaðabótakröfum vegna slyss þessa fyrr en á árinu 1968. Byggist sú skoðun m. á. á því, að þegar litið er til aðilja máls þessa, þá er slysið varð, þá er annars vegar um að ræða tæplega 17 ára ungling, sem býr fjarri foreldrum sínum í húsnæði vinnuveitanda síns, og svo hins vegar um að ræða stórt og mikilsmetið fyrirtæki. En æska stefnanda hefði átt að vera stefnda aukin hvatning til þess að upplýsa mál þetta sem best. Einnig þykir verða að líta til þess, sem rakið hefur verið úr framburði stefnanda og framburði vitnisins Sirrýar Huldu, en stefnandi bar, að ráðskonan hafi bannað stefnanda

að gera eitthvað í málinu, og vitnið Sirrý Hulda, að ráðskonan hafi sagt, að stefnandi ætti ekki að reyna að fá eitthvað vegna slyssins. En hvernig sem þessu hefur verið háttað, þá var af hálfu stefnda ekki hlutast til um opinbera rannsókn á slysi þessu, svo sem boðið er í 26. gr. laga nr. 23 frá 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Verður stefndi því að bera hallann af því, að sum atvik málsins liggja eigi ljóst fyrir.

Af því, sem hér hefur verið rakið, þá þykir bera að leggja á stefnda óskipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Örorkutjón	kr. 107.144.00
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 80.000.00
3. Kostnaður vegna rannsóknar málsins og undirbúnings, kr. 2.000.00 fyrir örorkumat, kr. 4.600.00 fyrir örorkuútreikning, kr. 675.00 fyrir ljósmyndir og kr. 90.00 fyrir endurrit skattframtala	— 7.365.00

Samtals kr. 194.509.00

Um 1. lið.

Stefán Guðnason læknir hefur skoðað stefnanda og metið örorku hennar. Í vottorði læknisins, dags. 28. maí 1970, er vísað til tveggja vottorða Tryggva Þorsteinssonar, læknis á slysavarðstofunni í Reykjavík, það fyrra dags. 28. apríl 1962, en í því segir, að um hafi verið að ræða amputatio partialis dig. III manus sinistri. Hið síðara, dags. 5. maí 1962, en þar telur læknirinn, að stefnandi sé orðin vinnufær eftir meiðslin.

Stefán Guðnason læknir kveðst í vottorði sínu hafa skoðað stefnanda 24. apríl 1970. Í vottorðinu segir svo m. a.:

„*Vinstri hönd:* Það vantar nánast alla fjærkjúku löngutangar og sú ögn, sem eftir er af kjúkunni, hefur enga hreyfingu. Stúfurinn er gróinn, en ekki vel slétt, og það eru eymsli í honum, einkum ef hann rekst í hart.

Ályktun: Um er að ræða 25 ára gamla starfsstúlku, sem missti fjærkjúku framan af löngutöng vinstri handar í vinnuslysi fyrir 8 árum. Þessi vöntun bagar slösuðu svolítið og einnig eymsli, sem alltaf eru í stúfnum.

Þótt vera mætti, að óþægindi í stúfnum minnkuðu við nýja aðgerð, þykir tímabært að meta nú þá örorku, sem slasaða hefur hlotið af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi í 1 mánuð: 100%

Eftir það varanlega: 3%“

Á grundvelli þessa örorkumats reiknaði Bjarni Þórðarson, cand. act., út örorkutjón stefnanda. Í vottorði tryggingafræðingsins, dags. 10. ágúst 1970, segir svo m. a.:

„ . . . Með hliðsjón af því, að hún slasaðist við vinnu, hefi ég áætlað henni vinnutekjur og vinnutekjutap vegna örorkunnar frá slysdegi miðað við launakjör í þeirri vinnu.

Starfsstúlkur á Reykjalundi taka laun samkvæmt kjarasamningi Starfsstúlknafélagsins Sóknar. Ég hefi áætlað Rósu vinnutekjur frá slysdegi miðað við mánaðarlaun starfsstúlkna samkvæmt kauptaxta Sóknar á hverjum tíma, þar sem tillit er tekið til hækkana vegna sarfsaldurs. Ennfremur er gert ráð fyrir 50 stundum á mánuði með álagsgreiðslu, en samkvæmt upplýsingum Björns Kristmundssonar, gjaldkera í Reykjalundi, mun meðalfjöldi stunda með álagsgreiðslu hjá starfsstúlkum vera þar um bil. (Tekið er tillit til væntanlegrar launahækkunar 1. sept. n. k. vegna vísitöluhækkunar). Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar er einnig sýnt áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma 3% af áætluðum vinnutekjum eða sami hundraðshluti og varanleg örorka er metin. Rósa mun hafa fengið greidd laun til loka aprilmánaðar 1962 og því hefi ég ekki tekið tillit til tímabundinnar örorku.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið kr.	56.805.00	kr. 1.704.00
2. — — — —	69.930.00	— 2.098.00
3. — — — —	85.774.00	— 2.573.00
4. — — — —	97.323.00	— 2.920.00
5. — — — —	115.930.00	— 3.478.00
6. — — — —	125.085.00	— 3.753.00
7. — — — —	135.841.00	— 4.075.00
8. — — — —	158.411.00	— 4.752.00
9. — — — —	196.344.00	— 5.890.00
Síðan árlega	— 205.648.00	— 6.169.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

kr. 66.288.00.

Hér er vinnutekjutapið á hverjum tíma afvaxtað til slysdags miðað við samsetta vexti (þ. e. a. s. vexti og vaxtavexti). Hins vegar eru venjulega greiddir einfaldir vextir á bótafjárhæðir frá

slysdegi til greiðsludags. Þar sem hér líður langur tími frá slysdegi til greiðsludags, hefi ég einnig reiknað verðmæti vinnutekjutapsins þannig, að vinnutekjutap eftir 7. apríl 1970 er afvaxtað til þess dags miðað við samsetta vexti, en síðan er sú fjárhæð og vinnutekjutap fyrir þann dag afvaxtað til slysdags miðað við einfalda vexti. Reiknast mér þá verðmætið nema á slysdegi:

kr. 71.825.00.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum Rósu hafa vinnutekjur hennar árin 1967-1969 verið sem hér segir:

Árið 1967 kr. 147.277.00

— 1968 — 161.285.00

— 1969 — 191.598.00

Ef gert er ráð fyrir, að örorka hennar hafi verið raunhæf þetta tímabil, hvað tekjuöflun snertir, nemur vinnutekjutap hennar þessi ár:

Árið 1967 kr. 4.555.00

— 1968 — 4.989.00

— 1969 — 5.926.00

eða að meðaltali 26.0% hærra en vinnutekjutapið samkvæmt fyrri áætlun. Ef tekjur hennar þessi ár yrðu lagðar til grundvallar vinnutekjutapsáætlun, mundi verðmæti vinnutekjutapsins nema um 26.0% hærri upphæð en í fyrri áætluninni.

Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn eru notaðir 7% vextir p. a., dánarlíkur íslenskra kvenna samkvæmt reynslu árána 1951-1960 og líkur fyrir missi starfsorku samkvæmt sænskri reynslu.“

Hinn 13. janúar reiknaði tryggingastærðfræðingurinn út tjón stefnanda að nýju. Í vottorði hans segir svo m. a.:

„Að beiðni yðar hefi ég endurreiknað örorkutjón Rósu Ármannsdóttur með tilliti til þeirra kauplagsbreytinga, sem orðið hafa síðan fyrri útreikningur var gerður 10. ágúst 1970.

Í kaupgjaldssamningi Starfsstúlknafélagsins Sóknar frá 4. des. 1971 er kveðið á um ákveðnar hækkanir 1. júní 1972 og 1. febr. 1973, og er hér tekið tillit til þeirra hækkana.

Forsendur fyrir útreikningunum eru annars hinar sömu og í fyrri útreikningi.

Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap verður sem hér segir:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 56.805.00	kr. 1.704.00
2. — — — —	69.930.00	— 2.098.00

3.	árið	eftir	slysið	kr.	85.774.00	kr.	3.573.00
4.	—	—	—	—	97.323.00	—	2.920.00
5.	—	—	—	—	115.930.00	—	3.478.00
6.	—	—	—	—	125.085.00	—	3.753.00
7.	—	—	—	—	135.841.00	—	4.075.00
8.	—	—	—	—	158.411.00	—	4.752.00
9.	—	—	—	—	196.344.00	—	5.890.00
10.	—	—	—	—	215.638.00	—	6.469.00
11.	—	—	—	—	238.945.00	—	7.168.00
	Síðan	árlega	—	—	251.052.00	—	7.532.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema
kr. 75.572.00

þegar miðað er við samsetta vexti, en
kr. 85.035.00

þegar miðað er við einfalda vexti frá slysdegi til 7. apríl 1972, en samsetta vexti síðan.“

Fjárhæð 1. liðar í kröfu stefnanda, eða kr. 107.144.00, virðist vera þannig fundin, að lögð er til grundvallar hærri niðurstöðutala á dskj. nr. 9, eða kr. 85.035.00 að viðbættum 26%, sbr. dskj. nr. 8.

Þegar litið er til vottorða Tryggva Þorsteinssonar lækni, dags. 28. apríl og 5. maí 1962, þá þykir nægjanlega upplýst, að meiðsli þau, sem eru til grundvallar örorkumatinu, séu þau sömu og stefnandi hlaut við slysið 7. apríl 1962.

Af hálfu stefnda er örorkuútreikningi á dskj. 8 og 9 mótmælt sem of háum og að ekki sé tekið tillit til eingreiðslu og skattafrádráttar. Einnig er því mótmælt, að slys þetta hafi nokkuð skert fjáraflahæfni stefnanda.

Það kemur fram í örorkutjónsútreikningi á dskj. nr. 8, að vinnutekjur stefnanda hafa eftir slysið verið hærri en laun þau, sem greidd eru fyrir þau störf, sem hún slasaðist við. Þrátt fyrir þetta þykir líklegt, að meiðsli stefnanda hafi takmarkað möguleika stefnanda á því að velja sér vinnu.

Gegn andmælum stefnda þykir ekki hærri örorkutjónsútreikningur verða lagður til grundvallar en sá, sem miðaður er við laun í því starfi, sem stefnandi var við, þá er hún slasaðist. En samkvæmt dskj. nr. 9 reiknast verðmæti vinnutekjutapsins kr. 75.572.00, þegar miðað er við samsetta vexti, en kr. 85.035.00, þegar miðað er við einfalda vexti frá slysdegi til 7. apríl 1972, en samsetta vexti síðar. Rétt þykir að leggja kr. 75.572.00 til grundvallar við ákvörðun bóta. Hins vegar verður að telja, að lækka

beri nokkuð þann áætlunarútreikning með hliðsjón af framan-
greindum röksemdum stefnda.

Þegar þau atriði eru virt, sem hér hafa verið rakin, þá þykja
bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00.

Um 2. lið.

Þegar stefnandi kom fyrir dóm vegna þessa máls, þá sýndi hún
hönd sína í réttinum. Höndin er verulega lýtt. Þegar til þess er
litið, að lýti þetta hefur stefnandi borið frá því, að hún var tæpra
17 ára að aldri, og það verður ekki bætt, þá þykir rétt að taka
kröfulið þennan til greina að öllu leyti.

Um 3. lið.

Þessi kröfuliður hefur ekki sætt tölulegum mótmælum, og verður
hann tekinn til greina sem hluti af málskostnaði.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að
greiða stefnanda kr. 140.000.00 (kr. 60.000.00 + kr. 80.000.00)
með vöxtum, eins og krafist hefur verið.

Hæfilegt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 33.000.00 í máls-
kostnað, og er þá tekið tillit til útlags kostnaðar að fjárhæð kr.
7.365.00.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuheimilið að Reykjalundi, greiði stefnanda,
Rósu Ármannsdóttur, kr. 140.000.00 með 7% ársvöxtum frá
7. apríl 1962 til greiðsludags og kr. 33.000.00 í málskostnað,
allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri
aðför að lögum.
